

Föstudaginn 24. apríl 1964.

Nf. 52/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Magnúsi Andréssyni**

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

**Dómendur:**

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson  
og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús P. Torfa-  
son og Theodór B. Líndal.

Ákæra um brot gegn áfengislögum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Ákærði keypti 12 flöskur af brennivíni í Áfengisverzlun ríkisins hinn 14. apríl 1962. Hann bar þær út úr verzluninni og út í bifreiðina G 9—L. Kom þá að honum lög-  
reglumaður og flutti hann á lögreglustöðina og síðan til yfirheyrslu í sakadómi. Ákærði lýsti aðdraganda að áfengis-  
kaupunum þannig: Faðir hans væri búandi maður í Vatnsdal í Fljótshlíð. Framundan væri fimmtugsafmæli hans hinn 6. maí 1962. Kvaðst ákærði hafa í hyggju að fara austur í Fljótshlíð þá um næstu helgi og jafnvel að dveljast þar fram yfir páska, og vildi hann gleðja föður sinn með því að gefa honum áfengi til veitinga í fyrirhugaðri afmæliveizlu hans. Nokkurn hluta áfengisins kvaðst ákærði ætla til sjálfs sín þarfa.

Skýrsla ákærða um vinkaup í tilefni af afmælisveizlu föður síns er eigi ósennileg. Ákærði hafði eigi, er hann var tekinn, farið þannig með áfengið, að grunsemdir vektu um áfengissölu af hans hendi. Loks hafði ákærði eigi áður orðið uppvis að sölu áfengis eða tilraun til slíkrar sölu. Að svo vöxnu máli þykir rétt að sýkna ákærða af ákæru réttvísinnar í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði, kr. 2.500.00, og laun verjanda hans í Hæstarétti, kr. 4.000.00.

## Dómsorð:

Ákærði, Magnús Andrésson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði, Gísla Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00, og laun verjanda ákærða í Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. ágúst 1963.**

Ár 1963, laugardaginn 3. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 4055/1963: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Andréssyni, sem tekið var til dóms 19. júlí s.l.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 14. nóvember 1962, höfðað gegn ákærða, Magnúsi Andréssyni verkamanni, til heimilis að Árbakka við rafstöð í Reykjavík, fyrir að hafa, um kl. 1030, laugardaginn 14. apríl 1962 haft meðferðis í bifreiðinni G 9L kassa með 12 flöskum af brennivíni í, en áfengi þetta þykir ákærði hafa ætlað til sölu.

Telst þetta varða við 4. mgr. sbr. 3. mgr. 19. gr. sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að þola upptöku umrædds áfengis samkvæmt 2. mgr. i.f. 42. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 7. marz 1936 að Ytri-Hóli, Vestur-Landeyjum, Rangárvallasýslu. Sakarvottorð hans hljóðar svo:

1959 13/10 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1960 16/11 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. umferðarlaga.

1961 10/7 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

1962 14/8 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 14. apríl 1962, um klukkan 1030, varð Grétar Norðfjörð lögreglumaður var við, að ákærði bar kassa úr áfengisverzluninni við Nýborg við Skúlagötu í bifreiðina G 9 L. Fékk

lögreglumaðurinn leyfi ákærða til að líta í kassann, og reyndust vera í honum 12 flöskur af brennivíni, er lögreglumaðurinn tók í sínar vörzlur.

Vitnið Grétar Norðfjörð lögreglumaður skýrði frá því fyrir dómi, að þar sem um svo mikið magn áfengis hefði verið að ræða og vitnið oftsinnis veitt bifreiðinni G 9 L athygli í akstri um götur borgarinnar, hefði vitnið fengið grun um, að áfengið kynni að vera ætlað til ólöglegrar sölu, en ákærði sagt vitninu, að hann ætlaði áfengið til eigin nota, og ekki talið, að bifreiðin hefði verið í akstri að undanfögnu.

Ákærði bar fyrir dómi, að hann hefði ætlað áfengið til eigin nota, og kom þá fram með þá skýringu, að hann hefði haft í huga að gefa föður sínum af því, sem fimmtugur yrði 5. maí 1962. Ákærði kvaðst hafa haft um 5 þúsund króna mánaðar-tekjur af sendibifreiðaakstri og vera kvæntur með tvö börn á framfæri sínu. Um hálfum mánuði áður en lögreglan hafði afskipti af honum greint sinn, sagðist hann hafa selt sendibifreið sína og fengið greiddar upp í andvirði hennar kr. 10 þúsundir, en frá þeim tíma ekki stundað fasta atvinnu. Þenna sama tíma hefði bifreiðin G 9 L staðið við heimili hans að mestu ónotuð, en bifreiðin, sagði ákærði, að væri eign bróður síns. Síðar greindi ákærði svo frá á dómþingi, að hann hefði ekið bifreiðinni G 9 L nokkuð um að degi til, en að kvöldlagi aðeins tvisvar, þá er hann ók til kvikmyndasýninga.

Hinn 15. október 1962 var ákærða boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, en hann kvaðst ekki geta fallizt á þær málalýktir.

Með vísan til dóms Hæstaréttar Íslands, sem upp var kveðinn hinn 22. febrúar 1961 í máli ákæruvaldsins gegn Þorsteini Skúlasyni, verður að telja, að Grétar Norðfjörð lögreglumaður hafi greint sinn haft rökstuddan grun um, að áfengið í bifreiðinni G 9 L hafi verið ætlað til ólöglegrar sölu. Þegar litið er til þess annars vegar, um hversu mikið magn er að ræða í máli þessu, og hins vegar ástæðna ákærða og skýringa hans á áfengisvörzlunum, verður ekki talið, að ákærði hafi fært að því nægilega sterkar líkur samkvæmt 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954, að áfengi það, sem tekið var úr vörzlum hans hinn 14. apríl 1962, hafi ekki verið ætlað til sölu. Samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga ber að ákvarða sekt hans kr. 10.200.00 til Menningarsjóðs, sem er fimmfalt söluverð áfengisins, en vara-refsing þykir hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali, ber samkvæmt 2. mgr. i.f.

42. gr. áfengislaga að gera upptækt til handa ríkissjóði áfengi það, er málinu fylgir.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Andrésson, greiði kr. 10.200.00 í sekt til Menningarsjóðs, en sæti varðhaldi 30 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Upptækt er til handa ríkissjóði áfengismagn það, sem málinu fylgir.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Einarssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 27. apríl 1964.

Nr. 96/1963. **Ólafur M. Ólafsson** (Tómas Árnason hrl.)  
 gegn  
**Útvegsbanka Íslands** (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theodór B. Línal.

Áhætta ábyrgðaraðilja og skuldara láns  
 í erlendri mynt af gengisbreytingu.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júlí 1963 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.